



Stjórnarfundur haldinn 3. apríl 2003 kl:18:00

Mættir: Einar, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Bjarney og Guðjón .

1. Fundargerð síðasta fundar og formannafundar lá frammi.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá Keilusambandi Íslands v/skuld keiludeildar Keflavíkur. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu við Keilusambandið.

Bréf og bæklingur frá Georg V Hannah sf v/verðlaunagripa.

Bréf og veggspöld frá framkvæmdastjóra ULM UMFÍ v/ULM á Ísafirði '03.

Bréf frá auglýsingastjóra Skinfaxes v/auglýsingar í blaðinu. Erindinu hafnað.

3. Send bréf.

Engin bréf send.

4. Samningar við MÍT

Einar sagði frá því að fyrirhugað væri að gera áfram samninga við félagið varðandi Íþrótt- og leikjaskóla og 17. júní. Framkvæmdastjóra gefin heimild til að undirrita viðkomandi samninga fyrir hönd félagsins.

5. Íþrótt- og leikjaskóli Keflavíkur '03.

Einar sagði frá að þrír væru búnir að sækja um vinnu við leikjaskólann. Ákveðið að vera með leikjaskólann frá 10. júní til 23. júlí '03. Framkvæmdastjóri er í forsvari fyrir skólann.

6. 17. júní '03

Einar lagði til að 17. júnínefnd félagsins væri skipuð þeim Einari, Sveini, Birgi og Guðjóni. Samþykkt.

7. Önnur mál

Námskeið fyrir stjórnarfólk á vegum UMFÍ fyrirhugað í lok maí. Framkvæmdastjóra falið að finna heppilegan tíma fyrir námskeiðið.

Einar kynnti stöðu mála varðandi samning við Ax- hugbúnaðarhús.

Meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik urðu Íslandsmeistarar er þær lögðu KR þrjú núll. Aðalstjórn óskar þeim innilega til hamingju með þennan árangur.

Einar sagði frá því að nú yrðu fundargerðir settar á netið í pdf formi.

Einar sagði frá því að hann ásamt Ásdísi Ýr væru í lottónefnd sem ÍRB hefur sett af stað til að skoða skiptingu á lottó til aðildafélaga sinna.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.